

Innanríkisráðuneytið
Sölvhólgötu 7
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 30. janúar 2012
2012010052/42-1-1
JGO

Athugasemdir við drög að lagafrumvarpi um vopn, sprengiefni o.fl.

Innanríkisráðuneytið kynnti á heimasíðu sinni 13. janúar sl. drög að frumvarpi að nýjum lögum um vopn, sprengiefni og skotelda sem koma eiga í stað vopnalaga nr. 16/1998. Fram kemur að unnt sé að senda athugasemdir við frumvarpsdrögin á netfangið postur@irr.is til 30. janúar nk.

Náttúrufræðistofnun Íslands fer hér með fram á að við 2. gr. frumvarpsins verði bætt ákvæði þar sem svokallaðar netabyssur verði undanþegnar lögnum, líkt og línubyssur og önnur sambærileg tæki.

Fuglamerkingar eru mikilvægt tól til rannsókna á fuglum og hafa verið stundaðar hér á landi í meira en 90 ár. Náttúrufræðistofnun Íslands skal lögum skv. sjá um fuglamerkingar hér á landi og hefur ein heimild til þess að láta merkja fugla, sbr 4. gr. laga nr. 60/1992. Margvíslegar aðferðir eru notaðar til að veiða fugla til merkinga, m.a. háfar og og ýmis net. Um miðja síðustu öld voru fundnar upp svokallaðar netabyssur. Þessi tæki hafa verið notuð víða um heim til að fanga fleyga fugla og hér á landi frá 1977. Hópar fugla (einkum vaðfuglar og gæsir) eru þá handsamaðir til merkinga í net sem er allt að 300 fermetrar að stærð (10x30 m). Netinu, sem er tjóðrað niður í annan endann, er skotið fram um 12 metra með hjálp tveggja til fjögurra 4 kg lóða úr 2-4 netbyssum sem knúðar eru með svartpúðri. Þessar byssur eru allvíðir stálhólkar, um 5 sm í þvermál og um 70 sm langir.

Netabyssa sem notuð var af Náttúrufræðistofnun var skráð hjá lögreglu á nífunda áratug síðustu aldar og rann það leyfi út árið 2009. Lögreglan hefur ekki viljað skrá þessa byssu að nýju og telur sig ekki hafa heimildir til þess. Í núverandi skotvopnalögum sem og þeim drögum sem eru til umsagnar eru tiltekin vopn/tæki sem eru undanþegin lögnum, sbr. 2. grein frumvarpsins. Náttúrufræðistofnun leggur til að bætt verði við ákvæði er undanskilji netabyssur frá lögnum (sjá auðkenndan texta) þannig að greinin orðist svo:



2. gr.

Lög þessi gilda ekki um:

- a. vopn, tæki, skotfæri, sprengiefni og skotelda skv. 1. og 2. gr. laga þessara, sem eru í umráðum Landhelgisgæslu Íslands, lögreglu, fangelsa, annarra handhafa ríkisvalds, erlendra lögreglumanna eða öryggisvarða sem starfa undir stjórn lögreglu.
- b. vopn, tæki, skotfæri, sprengiefni og skotelda sem erlendar her- eða öryggissveitir hafa með sér til æfinga hér á landi í boði íslenskra yfirvalda.
- c. hernaðarvopn og hernaðartæki.

Ráðherra setur sérstakar reglur um innflutning, útflutning og meðferð búnaðar samkvæmt a.lið 1. mgr., að undanskildum þeim búnaði sem heyrir til Landhelgisgæslu Íslands en um það fer eftir lögum um þá stofnun. Þá setur ráðherra sérstakar reglur um meðferð búnaðar samkvæmt b. og c. lið 1. mgr. Í reglum þessum má einnig kveða á um það hvernig búnaður þessi skuli vera auðkenndur.

Ákvæði laga þessara, önnur en VII. kafli þeirra, gilda ekki um eftirgreind vopn, en ráðherra setur reglur um meðferð þeirra, framleiðslu, inn- og útflutning:

- b. naglabyssur og skothamra sem ætluð eru til nota í iðnaði,
- c. línubyssur og tilheyrandi skotfæri, merkjabyssur eða önnur slík skotvopn og skotelda sem eingöngu eru ætluð til björgunarstarfa,
- d. pinnabyssur og önnur slík tæki, sem ætluð eru til þess að aflífa sláturdýr og ekki til þess að skjóta úr lausu skeyti,
- e. *netabyssur og tilheyrandi skotfæri sem eingöngu eru ætluð til veiða á fuglum til merkinga á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands,*
- f. skotvopn sem ætluð eru til leikja, svo sem litboltabyssur,
- g. köfunarbyssur,
- h. fastar skutulbyssur
- i. skotfæri sem eingöngu eru ætluð til þess að nota í vopn samkvæmt liðum a–g. skotvopn sem gerð hafa verið varanlega óvirk.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri

